

# STARFSLEYFI

## Slátturfélag Suðurlands

Slátturhús < 50t/dag

Fossnesi  
800 Selfoss

kt. 600269 2089

Nafn og kt. rekstraraðila: Slátturfélag Suðurlands svf, kt. 600269 2089  
Heimilisfang: Fosshálsi 1, 110 Reykjavík

Útgáfudagur: 25. maí 2011

Endurskoðað 18. desember 2017

Gildir til: 12. janúar 2024

Framlengt 12. október 2023

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, laga nr. 93/1995 um matvæli msbr., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir slátturhús og kjötvinnslu ásamt greinargerð og fyrir brennsluofn  
dags. 18. desember 2017

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sækí um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.


Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti. Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

### Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss    kt. 480284 0549    Sími 480 8250

Selfossi, 12. október 2023



Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri





Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Slátturfélag Suðurlands svf.**  
**Oddur Árnason**  
**Fosshálsi 1**  
**110 Reykjavík**

oddur@ss.is  
benedikt@ss.is

Selfossi, 12. október 2023  
2308066HS SG

**Efni: Starfsleyfi framlengt vegna sérstakra aðstæðna**

Meðfylgjandi er formleg staðfesting á framlengingu á starfsleyfi fyrir Slátturfélag Suðurlands, Fossnesi, 800 Selfossi. Á auglýsingatíma sem lauk í gær barst ein athugasemd frá Umhverfisstofnun. Heilbrigðisnefnd Suðurlands áskilur sér fjórar vikur til að vinna úr athugsemdum sem berast á auglýsingatíma sbr. ákvæði í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit þar sem segir:

*Útgefandi starfsleyfis skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem hafa gert athugasemdir tilkynnt um afgreiðsluna.*

Þar sem fullnægjandi starfsleyfisumsókn hefur borist að mati Heilbrigðisnefndar Suðurlands er gefið út tímabundið meðan starfsleyfi er í vinnslu eða í þrjá mánuði, með vísun í 4. ml. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. Þar segir:

**Útgefanda starfsleyfis er heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi borist útgefanda.**

Ofangreindu var bætt inn í löginn 2019 eins og greint er frá hér að neðan:

*Með 5. gr. laga nr. 58/2019 var bætt nýrrri málsgrein við 6. gr. laga nr. 7/1998, svohljóðandi:*

*Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:*

*Útgefanda starfsleyfis er heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi borist útgefanda.*





Í greinargerð sem fylgdi frumvarpinum sem varð að lögum nr. 58/2019, sagði um þá breytingu sem fólst í 5. gr. frumvarpsins (sem breytti 6. gr. laganna):

Í almennum athugasemdum frumvarpsins, segir eftirfarandi:

**Heimild útgefanda starfsleyfis til að framlengja starfsleyfi tímabundið.**

Í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er að finna ákvæði er veita ráðherra heimild til að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Þessi heimild hefur verið nýtt meðal annars þegar gildistími eldra starfsleyfis hefur runnið út en útgefandi starfsleyfis hefur ekki náð að gefa út nýtt starfsleyfi. Rekstraraðili hefur þá sótt um undanþágu til ráðherra og hefur haldd áfram starfsemi á tímabundinni undanþágu frá ráðherra. Í frumvarpi þessu er lagt til að einfalda ferli við veitingu slikrar undanþágu og gefa útgefanda starfsleyfis heimild til þess að framlengja gildistíma eldra starfsleyfis tímabundið. Í frumvarpinu er lagt til að útgefandi starfsleyfis hafi heimild til að framlengja gildistíma starfsleyfa á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, enda hafi fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi borist. Mikilvægt er að rekstraraðili hafi ætluð starfsleyfi og eðlilegra að leyfisveitandi framlengi gildistíma starfsleyfis í stað þess að óska eftir undanþágu hjá ráðherra eins og nú er.

Í athugasemdum við breytinguna á 6. gr. laganna (5. gr. frumvarps), segir eftirfarandi Um 5. gr.

Í greininni er því lagt til að útgefandi starfsleyfis geti framlengt gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu að hámarki til eins árs. Gert er ráð fyrir að þessi heimild verði notuð í undantekningartilvikum til þess að bregðast við sérstökum aðstæðum. Þannig er gert ráð fyrir að rekstraraðili sæki tímanlega um endurnýjun á starfsleyfi og að útgefandi starfsleyfis afgreiði almennt umsókn rekstraraðila áður en gildistími eldra starfsleyfis rennur út. Skilyrði fyrir framlengingu á starfsleyfi er að umsækjandi hafi lagt fram fullnægjandi umsókn um endurnýjun á starfsleyfi og lagt fram þau gögn sem skylt er að leggja fram með umsókn.

Upplýsist hér með.

F.h. Heilbrigðisefstirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri

Afrit sent á Heilbrigðisnefnd Suðurlands og  
Umhverfisstofnun: [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)





*Samræmið starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. lög nr. 7 1998 um  
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

## Starfsleyfisskilyrði fyrir sláthús og kjötvinnslu

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir sláthús, kjötvinnslu og reykmedferð á kjötvörum.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhlíða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.4 Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
  - a) Afstöðumynd af stöðinni sem inniheldur m.a. frárennslislagnir og hreinsivirkir skal vera til staðar, ásamt breytingum sem gerðar eru á þeim. Skrá skal allar breytingar sem gerðar eru á byggingum og frárennslislögnum og varða mengunarvarnabúnað.
  - b) Viðhald og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar.
  - c) Gerð kæli- og frystikerfa sem notuð eru í fyrirtækinu ásamt viðhaldi búnaðarins.
  - d) Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð.
  - e) Skrá skal öll mengunaröhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði, leka eða slys. Bregðast skal skjött við ef mengunaröhöpp verða. Gera skal viðbragðsáætlanir þar sem við á.
  - f) Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast vegna rekstrar starfsstöðvarinnar.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.

### 2. Varnir gegn mengun umhverfis

- 2.1 Beita skal bestu fäänlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins.
- 2.2 Fyrirtækinu er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á lóð fyrirækisins skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna.
- 2.3 Íðnaðarskólp skal forhreinsa áður en það berst í fráveitukerfi eða viðtaka í samráði við viðeigandi heilbrigðiseftirlit.
- 2.4 Takmarka skal loftmengun frá starfsemi eins og kostur er. Loftræstingu skal þannig hártað að hún valdi ekki óþrifum utanhúss eða óþægindum í nærliggjandi starfsstöðvum vegna loftmengunar eða lyktar.



- 2.5 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við löðarmörk skal uppfylla viðmiðunarmörk fyrir hávaða í samræmi við reglugerð um hávaða.
- 2.6 Stefnt skal að lágmörkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skal flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnytingar annarsstaðar eða til förgunar og spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhus, skulu vera lokud og standast kröfur heilbrigðisfulltrúa. Spilliefnum skal komið til viðkenndrar spilliefnamöttöku.
- 2.7 Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau þrifist ekki eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að hreinsibúnaði og úrgangi.
- 2.8 Eftirlit, rekstur og viðhald kæli- og frystibúnaðar skal ávalt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun og haldin skal dagbók um allt sem viðkemur viðhaldi og rekstri kælimiðla. Fara skal eftir leiðbeiningum frá heilbrigðiseftirliti og Umhverfisstofnun um kælimiðla.
- 2.9 Ef mengunaróhapp verður, s.s leki hættulegra efna eða slys í meðhöndlun á hráefni eða úrgangsefnum, skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að stöðva útbreiðslu efnanna og hreinsa upp það sem þegar hesur lekið niður. Fylgja skal viðbragðsáætlun þar sem við á.
- 2.10 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra hættulegu efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt tiltækar á vinnustadnum.
- 2.11 Verði rekstri hætt skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, ganga þannig frá athafnasvæðinu að hvorki mengunar- né slysa hætta skapist.

### 3. Losunarmörk og sýnataka

- 3.1. Þar sem frárennsli er veitt í fráveitukerfi sveitarfélags skal fylgja þeim losunarmörkum sem leyfisveitandi starfsleyfis setur fyrir fráveitukerfi.
- 3.2. Ef frárennsli rekstraraðila rennur beint í viðtaka skal hann uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til losunar tiltekinna efna með umhverfismörkum í viðeigandi reglugerðum.
- 3.3. Ef vart verður að mengun sé yfir umhverfismörkum eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðiseftirlit, gera ráðstafanir til úrbóta t.d. að draga úr losun eða bæta hreinsibúnað.

Selfossi, 18. desember 2017

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Sigrun Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri



**Starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna fyrir brennsluofna  
vegna förgunar áhættuvefja frá sláthúsum, fyrir:**

**Slátfélag Suðurlands  
Fossnesi  
800 Selfoss**

**Kt. 600269 2089**

**1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1. Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir brennsluofn til brennslu á sláthúsum frá sláthúsi Slátfélags Suðurlands að Fossnesi á Selfossi.

Heimilt er að brenna sláthúsum í áhættuflokki 1 og þær sláthúsum í áhættuflokki 2 sem ber að hitameðhöndla fyrir nýtingu eða urðun, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 108/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, auk áordinna breytinga.

Heimilt er að brenna allt að 260 tonnum af ofangreindum sláthúsum á ári. Hámarksmagn í brennslu pr. sólarhring er 3 tonn.

Rekstraraðila er óheimilt að taka við sláthúsum til brennslu frá öðrum aðilum.

- 1.2. Ef um annan starfsleyfisskilyrði rekstur er að ræða samhlíða gilda um það viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3. Rekstaradaðili ber ábyrgð á að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.4. Viðhaldssáætlun skal vera tiltæk um starfrækslu brennsluofns í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.
- 1.5. Verði rekstri brennsluofnsins hætt skal rekstraraðili í samráði við heilbrigðiseftirlit ganga þannig frá athafnasvæðinu að hvorki skapist mengunar- né slysa hætta.

**2. Varnir gegn mengun umhverfis**

- 2.1. Beita skal bestu fáanlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins. Brennsluofninn skal hafa hlutið vottun hjá opinberum aðila á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 2.2. Rekstraraðili skal gera áætlun um viðbrögð við mengunaróhöppum og skulu starfsmenn þjálfáðir í viðbrögðum samkvæmt henni. Í viðbragðssáætlunni skal koma fram hvaða efni gætu valdið mengun, viðbrögð við viðkomandi mengun sem og nöfn og símanúmer þeirra aðila sem tilkynna skal um mengunaróhöpp sem verða, þ.e. viðkomandi heilbrigðiseftirlit, brunavarmir, lögreglu, vinnureftirlit og/eða aðra eftirlitsaðila eftir því sem við á.



- 2.3. Gírpa skal tafarlaust til ráðstafana til að stöðva mengun og hreinsa upp þau efnir sem þegar hafa lekið í umhverfið. Verði meiri mengun en starfsmenn ráða sjálfir við að fjarlægja, skal gera slökkvilið viðvart um neyðarsima 112.
- 2.4. Rekstraraðila er skyldt að sjá um að a öllu athafnasvæði hans sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á löð fyrirtækisins skal þannig frágengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna og annan almenning.
- 2.5. Geymsla a sláturúrgangi til brennslu skal vera i sérstöku kældu rými innandyra eða lekaheldri og þétti kæligeymslu utandyra. Geymsla sláturúrgangs utandyra án kælingar er óheimil.
- 2.6. Brennsluofninn skal staðsettur á lekaheldu undirlagi, svo sem steinsteyptu plani. Ef niðursöll eru í nágrenni skulu þau útbúin þannig að unnt sé að fanga sláturleifar ádur en þær berast út í fráveitu við þrif á athafnasvæði.
- 2.7. Einungis er heimilt að nota eldsneyti sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 560/2007 um fljótandi eldsneyti til að kynda brennsluofninn. Notkun úrgangsolíu, sláturleifa og/eða annars lífræns úrgangs til kyndingar brennsluofnsins er með öllu óheimil.
- 2.8. Lekavörn skal vera kringum oliutank og utan um hann skal vera árekstaravörn ef tankurinn er staðsettur í akstursleid ökutækja. Rúmmál lekavarnar skal vera að lágmarki til jafns við rúmmál oliutanks.
- 2.9. Takmarka skal loftmengun frá starfsemi eins og kostur er. Loftræstingu skal þannig fyrir komið að hún valdi ekki óþrifum eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi vegna loftmengunar eða lyktar. Útblástursrör skal ná upp fyrir þakbrún aðliggjandi húsnæðis.
- 2.10. Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir viðmiðunarmörk fyrir hávaða í samræmi við reglugerð nr. 724/2008, um hávaða.
- 2.11. Stefnt skal að lágmörkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Ösku, gjalli og öðru frá brennsluofni skal fargað í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili skal flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annarsstaðar eða til förgunar á viðurkenndum förgunarstað. Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Sorphirslur og ilát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Spilliefnum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku gegn afhendingu kvittunar þar sem fram kemur tegund spilliefsna, magn og dagsetning.
- 2.12. Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau þrifist ekki eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgengi villtra fugla og spendýra að brennsluofni og úrgangsgeymslu.

### 3. Innra eftirlit

- 3.1. Rekstaraðili skal viðhafa innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um eftirsarandi:



- a) Afstöðumynd af brennsluofni sem inniheldur m.a. fráeitulagnir, oliutank og hreinsivirkj, ásamt breytingum sem gerðar eru á þeim. Skrá skal allar breytingar sem gerðar eru á byggingum og frárennslislögum og varða mengunarvarnabúnað.
- b) Þjálfun starfsmanna sem starfa við brennsluofn og niðurstöður árlegrar úttektar á ofni í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.
- c) Viðhald á brennsluofni og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar.
- d) Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð. Gera skal sérstaklega grein fyrir magni þess sláturúrgangs sem brenndur er sem og timasetningu brennslu. Rekstraraðila ber að skila skýrslu þar um fyrir 1. maí ár hvert sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- e) Hitastig í brennsluofni mælt við innvegg á meðan brennslu stendur.
- f) Öll mengunarhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarmir fyrirtækisins.
- g) Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast vegna reksturs brennsluofnsins.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum til skoðunar.

#### **4. Losunarmörk og sýnatökur**


- 4.1. Heilbrigðisnefnd getur farið fram á ítarlegri upplýsingar varðandi losun mengandi efna frá brennsluofninum ef ástæða þykir, þ.m.t. sýnatökur og mælingar, s.br. ákvæði reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, m.s.br.

#### **5. Eftirlit**

- 5.1. Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á mengunarvarnaeftirliti og framkvæmd þess undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá viðkomandi heilbrigðiseftirlits, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, 18. desember 2017

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands



Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri